

þegar í stað, skal varan tollafgreidd án greiðslu 6% gjalds samkvæmt reglugerð þessari, en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 10. júlí 1979.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari skal greiða af vörum sem afhentar hafa verið innflytjendum fyrir 1. júlí með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. september 1979.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 83 18. maí 1978 um jöfnunargjald og 6. gr. laga nr. 58 31. maí 1979 um sérstakt tímabundið aðlögunargjald og öðlast gildi frá og með 1. júlí 1979.

Með reglugerð þessari er jafnframt frá sama tíma og um ræðir í 1. mgr. úr gildi felld reglugerð nr. 365 13. október 1978 um jöfnunargjald svo og reglugerð nr. 157 29. mars 1979 um breytingu á henni. Þó skulu ákvæði hennar gilda eftir því sem við geta átt um innheimtu 3% jöfnunargjalds af þeim ótollafgreiddu vörum sem jöfnunargjaldsskyldar eru, 7. gr. reglugerðar þessarar tekur til og tollafgreiddar verða innan þeirra tímamarka er þar greinir.

Fjármálaráðuneytið, 14. júní 1979.

Tómas Árnason.

Sigurgeir A. Jónsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Akraness.

Tafla I. Orku og aflverð, fastagjöld, mæla og rofaleiga.

Númer gjald- skrárl. Heiti gjaldskrárliða	Orku- verð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr. Dag- greiðslur	Árs- greiðslur
A — LÝSING			
A 1. Með fastagjaldi	27.26	1.22/m ²	445/m ²
A 2. Án fastagjalds	74,84		
B — HEIMILIS- OG VINNULJÓS			
B 1. Heimilisnotkun	22.04	5.17/herb.	1 887/herb.
B 2. Húsbýggingar og Akraneshö.	45.00		
C — VÉLANOTKUN			
C 1. Með fastagjaldi	27.26	16.04/kW	5 854/kW
C 2. Matvælaíðnaður (rafsuða)	22.04		
C 3. Stórnotkun	7.00	70.66/kW	25 792/kW
D — HITUN			
D 1. Án rofs	15.33		
D 2. Með rofi 1½ klst. á dag	8.55		
D 3. Með rofi 2½ klst. á dag	7.93		
D 4. Með rofi 4½ klst. á dag	6.35		
D 5. Með rofi 14½ klst. á dag	4.48		
D 6. Sumarhitun með rofi 3 klst. á dag	5.18		

E — ANNAÐ.

E 1. Sérsmningar	
E 2. Götu- og hafnarlýsing	
E 3. Lokun og enduropnun veitu	3 900

MÆLA- OG ROFALEIGA.

10 Einfasa	3.95	1 440
11 Einfasa með rofa	21.70	7 920
20 Þrífasa	15.78	5 760
21 Þrífasa með rofa	33.53	12 240
24 Þrífasa með 2 rofum	41 42	15 120
30 Þrífasa með aflmæli	25.64	9 360

Ákvæði og skýringar við töflu I.

A. Lýsing.

- A 1. Til lýsingar, og reiknast fastagjald af stærð húsnæðis í fermetrum. Reikna skal til fastagjalds, aðeins helming gölfflatar í göngum og geymslum. Í sjúkrahúsum, elliheimilum og vistheimilum fyrir börn skal reikna hálf fermetragjald, en ákvæði þetta nær ekki til starfsmannabústaða þessara stofnana.
- A 2. Til lýsingar og ýmissa nota, sem ekki verða felld undir aðra liði gjaldskrárinnar.

B. HEIMILI- OG VINNULJÓS.

- B 1. Til heimilisnota og reiknast fastagjald af hverju herbergi sem ætlað er til íbúðar, og einnig eldhúsi. Herbergi sem er minna en 5 m² reiknast sem hálf. Ef herbergi er stærra en 25 m² skal reikna hverja byrjaða 25 m² sem herbergi.
- B 2. Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu, einnig til véla við Akraneshöfn. Eftir þessum lið má einnig selja raforku um tengla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast þá við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3x32 A og 3x50 A. 220 V.

C. VÉLAR.

- C 1. Til véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Fastagjald reiknast á hvert kW í ástimpluðu rafafli fastra vinnuvéla. Eftir þessum lið má einnig selja raforku án fastagjalds til eldunar og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsa.
- C 2. Til véla í matvælaíðnaði, þar sem uppsett afl fastra vinnuvéla er yfir 40 kW, og árlegur nýtingartími eigi skemmri en 1 200 klst. á hvert uppsett kW þeirra. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á mesta álagstíma. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til rafsuðu málma.
- C 3. Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW ársafl. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafli í 15 mín.

E. ANNAÐ.

- E 1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu að greiðslan komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
- E 2. Bæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu álitu rafveitunefndar.

- E 3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun samkvæmt þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu, skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

MÆLA- OG ROFALEIGA.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og klukkurofa sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0.8 er rafveitunni heimilt að miða við voltamper (VA).

D. HITUN.

- D 3. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofin í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.
- D 6. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. okt. ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.
- Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:
- Að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
 - Að vélafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
 - Verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu og miðast verðið við útsöluverð díselolíu á hverjum tíma.
 - Að straumur sé rofinn á tilskildum tíma með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
 - Að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
 - Að notkun sé eigi minni en 6 000 kWst. á ári. Undanþegin þessu ákvæði er liður D 1. Ef notkun er minni, er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6 000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á lið D 1.
 - Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár liða frá útgáfu hitaleyfis, en notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi.

TAFLA II. Tenging við veitukerfið. (heimtaugar).

Gjaldskrárliður	Málstraumur aðalvara		Flutnings- geta miðuð við stærð aðalvara kVA	Tengigjald jarð- strengsh. allt að 15 m eða loftlh. allt að 30 m. kr.
	220 V kerfi Amp.	380 V kerfi Amp.		
2.01	2x60	1x60	13	76 000.00
2.02	3x60		22	94 000.00
2.03	3x100	3x60	38	126 000.00
2.04		3x100	66	182 000.00
2.05	3x200		76	202 000.00
2.06	3x350	3x200	132	344 000.00
2.07		3x350	231	542 000.00
2.08	Bráðab. heimt.	1x35 Amp.		23 500.00
2.09	Bráðab. heimt.	3x35 Amp.		47 000.00
2.10	Bráðab. heimt.	3x60 Amp.		80 500.00
2.11	Tenging við Akraneshöfn			3 000.00

TAFLA III. Tenging við veitukerfið (spennistöð).

Gjaldskrárlíður Nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald kr.
3.01	150	600 000.00
3.02	300	1 200 000.00
3.03	500	1 750 000.00
3.04	800	2 800 000.00

ÁKVÆÐI OG SKÝRINGAR MEÐ TÖFLU II OG III.

- Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimitaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
- Lengd heimitaugar reiknast frá lóðarmörkum við stig eða götu stystu greiðfæru leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana þannig: $Y_j = (3\,200 + 16 \text{ kVA}) \text{ kr. m.}$ og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 metrana $Y_j = (2\,100 + 12 \times \text{kVA}) \text{ kr. m.}$ að viðbættum kr. 42 100.00 á hvern stólpa í umfram-línu.
- Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimitaugar verði aukin, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimitaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.
- Tengigjald samkvæmt töflu III skal reiknað þegar spennistöð er byggð, að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnaði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnaðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnaðis kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meir en tengigjaldi nemur.
- Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði samkv. reikningi rafveitunnar. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimitaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Ýmis ákvæði.

Hækki innkaupsverð á raforku er Rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 50% af þeirri hækkun. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Sölugjald 20% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, eru innifalin í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema á liðum D (húshitun) sem eru undanþegnir gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 160 29. mars 1977 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 14. júní 1979.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Kristmundur Halldórsson.